




Borgarstjórnin í Reykjavík



Reykjavík, 22. júlí 2021
R21070138
44200
bp

Skóla- og frístundasvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Fossvogsskóli - tilhögun skólastarfs skólaárið 2021

Á fundi borgarráðs þann 22. júlí 2021 var lagt fram bréf skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 20. júlí 2021, þar sem óskað er eftir að borgarráð samþykki tillögu um tilhögun skólastarfs í Fossvogsskóla skólaárið 2021-2022, ásamt fylgiskjöllum.

Það tilkynnist hér með.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sú tillaga sem hér liggur til grundvallar felur í sér að að nemendur í 1.-3. bekk Fossvogsskóla muni stunda nám í nýjum færanlegum húsum á lóð Fossvogsskóla meðan framkvæmdir standa yfir við aðalbyggingar skólans en eldri árgangarnir stundi nám í Korpuskóla og njóti þar þeirrar fullbúnu aðstöðu til fjölbreytts skólahalds sem þar er til staðar. Þessi tillaga nýtur stuðnings skólaráðs Fossvogsskóla þar sem eiga sæti fulltrúar starfsfólks, nemenda og foreldra, en skólasamfélagið lagði ríka áherslu á að yngstu árgangarnir gætu stundað nám nærri heimilum þeirra. Fullur vilji er til að ráðast hratt og vel í þær framkvæmdir sem nauðsynlegar eru skv. niðurstöðum ítarlegrar úttektar EFLU samhliða því að búa nemendum og starfsfólki eins góð skilyrði og kostur er á næsta skólaári meðan unnið verður að endurbótum í skólahúsnæðinu í Fossvogi.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Núna liggur fyrir lokaskýrsla EFLU vegna Fossvogsskóla. Þau miklu veikindi sem hafa verið bæði hjá börnum og starfsfólki eru alvarleg. Veikindi út af ástandi skólans og misheppnuðum aðgerðum sem farið var í að hálfu Reykjavíkurborgar. Full þörf er á því að skoða allt skólahúsnæði Reykjavíkurborgar fyrst að ástandið er svona í Fossvogsskóla þrátt fyrir það að hafa farið í gegnum allar þessar lagfæringar og haft


alla athygli borgaryfirvalda síðustu 3 ár. Ekki hefur verið beðist afsökunar og ekki var um móðursýki að ræða. Börn, starfsfólk og aðstandendur þeirra eru nú aftur í þeirri stöðu að skólahald í Fossvogsskóla verður ekki með eðlilegum hætti næsta skólaár. Foreldrar hafa kallað eftir því að lausn sé fundinn með því að hafa skólahaldið í nærumhverfinu. Það er mikilvægt að unnið verði að þeirri lausn sem foreldrar kalla eftir. Ljóst er að mistök hafa verið gerð í málefnum Fossvogsskóla og miklum fjármunum hefur verið varið í framkvæmdir sem ekki tókust og því þarf að ráðast strax í rannsókn á þeim mistökum sem gerð voru í Fossvogsskóla til þess að tryggja það að svona vinnubrögð verði aldrei aftur viðhöfð þegar grunur kviknar um myglu í húsnæði í eigu borgarinnar.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Enn eru málefni Fossvogsskóla á dagskrá og sér ekki fyrir endann á þeim ósköpum. Sporin hræða og fjölmargir hlutir enn á huldu. Hefði verið tekið á vandanum af festu strax þá væru börn, starfsfólk og foreldrar í allt annarri og betri stöðu. Nú þegar hafa verið settar 500 milljónir í endurbætur sem virðist til einskis. Málefni Fossvogsskóla eru því á byrjunarreit.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins tekur undir ályktun skólaráðs Fossvogsskóla að sviðsmyndir 1 og 5 sem kynntar voru á fundi skólaráðs í lok síðasta mánaðar með hagnunaaðilum komi ekki til greina sem úrlausn vegna húsnæðismála skólans á komandi skólaári. Skóla- og frístundaráð leggur til sviðsmynd 2 en að sviðsmynd 1 verði til vara. Gallar þeirrar síðari eru óumdeilanlegir vegna þess að hún krefst skólaaksturs allt árið og sækja börnin kennslu langt frá heimili sínu. Sviðsmynd 1 er ekki boðleg börnunum í svo langan tíma. Tekið er undir að sviðsmyndum 2, 3 og 4 verði haldið áfram opnum Það liggur fyrir að 4.-7. bekkur muni hefja skólaárið í Korpuskóla. Koma þarf nemendum í 1. til 3. bekk í tíu færanlegar kennslustofur á bílastæði við skólalóð skólans samkvæmt sviðsmynd 2 fyrir skólabyrjun mánudaginn 23. ágúst. Hér er um neyðarúrræði að ræða vegna ástand Fossvogsskóla. Nú ríður á að hlusta á foreldra og starfsfólk skólans og gera ekkert nema í fullu samráði við þá. Framundan er mikil vinna, s.s. að halda kynningarfundum með starfsfólki skólans annars vegar og foreldrum nemenda í skólanum hins vegar til að ræða mögulegar leiðir í skólastarfi fyrir fjóra elstu árganga skólans.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:

Umhverfis- og skipulagssvið



Borgarráð

Fossvogsskóli. Tilhögun skólastarfs skólaárið 2021-2022.

Vegna þeirra framkvæmda við lagfæringar og endurbætur á húsnæði Fossvogsskóla sem ráðgert er að ráðist verði í 2021-2022 er lögð fyrir borgarráð eftirfarandi tillaga að tilhögun skólastarfs Fossvogsskóla fyrir skólaárið 2021-2022:

Kennsla 1.-3. bekkja fari fram í færanlegum kennslustofum sem komið verður fyrir á lóð Fossvogsskóla. Komið verður fyrir 10 stofum á einni hæð ásamt göngum og salerniskjarna. Kennsla 4.-7. bekkja fari fram í húsnæði Korpuskóla í Grafarvogi. Ofangreind tillaga er skv. Sviðsmynd 2 í meðfylgjandi sviðsmyndagreiningu og varðar allt næsta skólaár.

Til vara verði reiknað með að tilhögun skólastarfs verði í samræmi við Sviðsmynd 1 í meðfylgjandi sviðsmyndagreiningu.

Greinargerð:

Tillagan er sett fram að undangengnu samráði við skólasamfélag Fossvogsskóla sem lagði ríka áherslu á að skólastarf yngstu nemendanna færi fram í nálægð við heimili þeirra. Tillagan felur einnig í sér mikilvægi þess að skólastarf eldri nemenda fari fram í fullbúnu skólahúsnæði og að hægt sé að samnýta húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf.

Unnin var ítarleg sviðsmyndagreining hjá SFS og USK á þeim valkostum sem til greina þóttu koma um tilhögun skólastarfs Fossvogsskóla skólaárið 2021-2022. Að lokum voru settar fram 5 sviðsmyndir með kostum og göllum. Sviðsmyndir þessar hafa verið kynntar og yfirfarnar á fundum með skólaráði skólans, fyrst þann 30. júní og svo 15. júlí sl.

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Ámundi Brynjólfsson
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

-Sviðsmyndagreining

- Ályktun skólaráðs dags. 15. júlí 2021

Fossvogsskóli

Sviðsmyndir skólaárið 2021-2022



UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ

Fossvogsskóli Núverandi Yfirlitsmynd



Dæmi um Gámahús



Laugarnesskóli



Sjálandsskóli

Sviðsmynd 1 - Yfirlitsmynd



Sviðsmynd 1

Allir árgangar í
Korpuskóla
skólaárið
2021-2022

Kostir:

- 10 stk. 47 m² stofur ásamt göngum og salerniskjarna, eru til afhendingar fyrir næsta skólaár fyrir 2-3 árganga
- Lítil óvissa hvað varðar skipulag og framkvæmdir
- Korpuskóli fullbúinn barnaskóli með öllu sem tilheyrir, s.s. matsal, sérgreinastofum, íþróttasal, skólalóð o.fl
- Uppfyllir námskrá fyrir alla bekki

Sviðsmynd 1

Allir árgangar í
Korpuskóla
skólaárið
2021-2022

Gallar:

- Skólaakstur allt skólaárið
- Fjarlægð frá heimili

Sviðsmynd 2 - Yfirlitsmynd



Sviðsmynd 2

1.-3. bekkur í
Fossvogi
skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla
skólaárið
2021-2022

Kostir:

- 1.-3. bekkur allt skólaárið í Fossvogi og því í nálægð við heimili
- Húsnæði frístundar nýtist allan daginn
- Lágmarks röskun á lóð Fossvogsskóla
- 10 stk. 47 m² stofur ásamt göngum og salerniskjarna, eru til afhendingar fyrir næsta skólaár fyrir 1-3 bekk
- Lítil óvissa hvað varðar skipulag og framkvæmdir. Grenndarkynning.
- Möguleiki á að taka Austurland í notkun eftir framkvæmdir þar
- Víkingsheimili nýtanlegt undir inni-íþróttir 1. nóv til 1. apr. eins og venja er
- Korpuskóli 200 barna skóli með öllu sem tilheyrir, s.s. matsal, sérgreinastofum, íþróttasal, skólalóð o.fl
- Uppfyllir námskrá fyrir alla bekki

Sviðsmynd 2

1-3 bekkur í
Fossvogi
skólaárið
2021-2022

4-7 bekkur í
Korpuskóla
skólaárið
2021-2022

Gallar:

- Skólinn starfar á tveimur stöðum
- Skólaakstur allt skólaárið fyrir 4.-7. bekk og fjarlægð frá heimili
- Ekki matsalur fyrir 1.-3. bekk (ath þó Austurland og Víkingsh.)

Sviðsmynd 3 - Yfirlitsmynd



Sviðsmynd 3

1.-3. bekkur í
Fossvogi skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla til
áramóta. Færist í
Fossvog um áramót

Kostir:

- 1.-3. bekkur allt skólaárið í Fossvogi og því nálægð við heimili
- Húsnæði frístundar nýtist allan daginn
- 10 stk. 47 m² stofur ásamt göngum og salerniskjarna, eru til afhendingar fyrir næsta skólaár fyrir 1-3 bekk
- Skólinn á einum stað frá áramótum

Sviðsmynd 3

1.-3. bekkur í Fossvogi
skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla til áramóta.
Færist í Fossvog um
áramót

Gallar:

- Skólastofur 4.-7. bekkjar ekki tilbúnar fyrr en í lok árs 2021 (30 stofur á tveimur hæðum)
- Flutningur á skólastarfi 4.-7. bekkjar um áramót 2021-22
- Battavöllur eða annar hluti lóðar tekinn undir fleiri stofur frá áramótum
- Áhættusamari framkvæmd og meiri óvissa varðandi skipulag en sviðsmynd 2
- Allir nemendur og starfsfólk á lóð Fossvogsskóla samhliða framkvæmdum ógnar öryggi nemenda og starfsfólks og þarfnast sérstakra ráðstafana
- Ekki matsalur (ath þó Austurland og Víkingsheimili)
- Óljóst hvort Víkingsheimili dugi fyrir inni-skólaípróttir fyrir alla árganga frá áramótum
- Ekki fullbúnar lista- og sérgreinastofur fyrir 4-7 bekk frá áramótum
- Skólaakstur hluta af skólaári fyrir 4.-7. bekk og fjarlægð frá heimili

Sviðsmynd 4 – Yfirlitsmynd



Sviðsmynd 4

1.-3. bekkur í Fossvogi
skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla til áramóta.
Færist í Víkina um
áramót

Kostir:

- 1.-3. bekkur allt skólaárið við Fossvogsskóla og því í nálægð við heimili
- Húsnæði frístundar nýtist allt skólaárið
- 10 stk. 47 m² stofur ásamt göngum og salerniskjarna, eru til afhendingar fyrir næsta skólaár fyrir 1-3 bekk
- Skólinn allur í Fossvogsdal frá áramótum

Sviðsmynd 4


1.-3. bekkur í Fossvogi
skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla til áramóta.
Færist í Víkina um
áramót

Gallar:

- Skólastofur 4-7 bekkjar ekki tilbúnar fyrr en í lok árs 2021 (20 stofur á tveimur hæðum)
- Flutningur á skólastarfi 4-7 bekkjar um áramót 2021-22
- Rask fyrir Víking og nágranna
- Áhættusamari framkvæmd og meiri óvissa varðandi skipulag
- Minna rask á skólalóð en sviðsmynd 3
- Skólinn ekki á einum stað og skólalóð nýttist lítið fyrir 4.-7. bekk.
- Mjög ófullkomin frímínútnaaðstaða fyrir 4.-7. bekk frá áramótum.
- Ekki matsalur (ath. þó Austurland og Víkingsheimili)
- Óljóst hvort Víkingsheimili dugi fyrir skólaíþróttir fyrir alla árganga frá áramótum.
- Ekki fullbúnar lista- og sérgreinastofur fyrir 4.-7. bekk frá áramótum
- Skólaakstur hluta af skólaári fyrir 4.-7. bekk og fjarlægð frá heimili.

Sviðsmynd 5 – Yfirlitsmynd



Sviðsmynd 5

1.-3. bekkur í Víkinni
skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla til áramóta.
Færist í Víkina um
áramót

Kostir:

- 1.-3. bekkur allt skólaárið í Fossvogsdal (Víkinni) og nálægð við heimili.
- 10 stk. 47 m² stofur ásamt göngum og salerniskjarna, eru til afhendingar fyrir næsta skólaár fyrir 1-3 bekk
- Skólinn allur í Fossvogsdal (Víkinni) frá áramótum

Sviðsmynd 5

1.-3. bekkur í Fossvogi
skólaárið
2021-2022

4.-7. bekkur í
Korpuskóla til áramóta.
Færist í Víkina um
áramót

Gallar:

- Skólastofur 4-7 bekkjar ekki tilbúnar fyrr en í lok árs 2021 (20 stofur á tveimur hæðum)
- Flutningur á skólastarfi 4-7 bekkjar um áramót 2021-22
- Rask fyrir Víking og nágranna.
- Öryggismál þarfnast sérstakrar skoðunar s.s. vegna aukinnar umferðar
- Áhættusamari framkvæmd og talsverð meiri óvissa varðandi skipulag
- Ekki matsalur (ath. þó Austurland og Víkingsheimili)
- Óljóst hvort Víkingsheimili dugi fyrir skólaíþróttir fyrir alla árganga frá áramótum.
- Engin skólalóð í Víkinni og umhverfi þröngt
- Húsnæði frístundar nýtist ekki í annað starf
- Ekki fullbúnar lista- og sérgreinastofur fyrir 4.-7. bekk frá áramótum
- Skólaakstur hluta af skólaári fyrir 4.-7. bekk og fjarlægð frá heimili.

Reykjavík, 15. júlí 2021

Berist til: Helga Grímssonar, Soffíu Vagnsdóttur, Ámunda V. Brynjólfssonar, Agnars Guðlaugssonar og Kristjáns Sigurgeirssonar

Afrit sent á: Gísla Sigurðarson og Höllu Gunnarsdóttur (fulltrúa kennara í skólaráði), Helenu Rósu Róbertsdóttur (fulltrúa starfsfólks í skólaráði), Agnar Frey Helgason og Karl Óskar Þráinsson (fulltrúa foreldra í skólaráði)

Efni: Ályktun skólaráðs Fossvogsskóla um húsnæðismál skólans á komandi skólaári 2021 til 2022

Fundur skólaráðs Fossvogsskóla var haldinn fimmtudaginn 15. júlí 2021. Markmið fundarins var að fara yfir og álykta um sviðsmyndir sem lagðar voru fram 30. júní á upplýsingafundi með skóla- og frístundasviði, umhverfis- og skipulagssviði, fulltrúa Eflu, fulltrúa Verkís, fulltrúum starfsfólks skólans, fulltrúa SAMFOK, og fulltrúum foreldra í foreldrafélagi Fossvogsskóla.

Skólaráð Fossvogsskóla ályktar að *sviðsmyndir 1 og 5* sem kynntar voru á upplýsingafundi skólaráðs í lok síðasta mánaðar með hagsmunaaðilum í skólasamfélaginu komi ekki til greina sem úrlausn vegna húsnæðismála skólans á komandi skólaári. Þær eru því úr myndinni. Sviðsmynd 1 var fullunnin fyrir fundinn en sviðsmynd 5 þróaðist úr samtali á fundinum.

Skólaráð Fossvogsskóla telur nauðsynlegt að halda *sviðsmyndum 2, 3 og 4* opnum áfram. Ljóst er að 4. – 7. bekkur muni hefja skólaárið í Korpuskóla. Því er horft til þess að fyrsta skrefið sé að koma verðandi nemendum í 1. til 3. bekk í tíu færanlegar kennslustofur á bílastæði við skólalóð skólans samkvæmt *sviðsmynd 2* fyrir skólabyrjun mánudaginn 23. ágúst. Þessi ályktun ýtir undir að taka þurfti til frekari umfjöllunar *sviðsmyndir 2, 3, og 4* út frá nemendum í 4. – 7. bekk og starfsfólki skólans.

Ljóst er að halda þarf sérstaka kynningarfundir með starfsfólki skólans annars vegar og foreldrum nemenda í skólanum hins vegar til að ræða mögulegar leiðir í skólastarfi fyrir fjóra elstu árganga skólans. Lagt er til að fundirnir verði haldnir í vikunni 16. til 20. ágúst. Huga þarf að og kynna sérstaklega hvernig aðalnámskrá grunnskóla verður best uppfyllt í námslegu tilliti samkvæmt sviðsmyndum 2, 3 og 4. Hér þarf því að ræða allar námgreinar; bæði bóklegar og verklegar. Einnig þarf að huga að hagsmunum starfsfólks og nemenda vegna fjarlægðar við Korpuskóla. Það liggur fyrir að vilji er til þess að allt skólastarf Fossvogsskóla komist í færanlegar kennslustofur í nálægð við Fossvogsskóla á skólaárinu sé þess nokkur kostur.

Virðingarfyllt,

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, skólastjóri Fossvogsskóla	Árni Freyr Thorlacius Sigurlaugsson, aðstoðarskólastjóri Fossvogsskóla
--	---

From: Eva Bergþóra Guðbergisdóttir
Sent: Monday, August 9, 2021 1:53 PM
To: Fréttir hjá Reykjavík
Subject: Skólaárið framundan í Fossvogsskóla



Mánudagur 9. ágúst 2021

Skólaárið framundan í Fossvogsskóla

Kröftugt og fjölbreytilegt skólastarf verður sem fyrr í Fossvogsskóla þar sem kennt verður á tveimur stöðum næsta vetur, en góður gangur er á umfangsmiklum framkvæmdum við skólann.

--

Borgarráð samþykkti fyrr í sumar tillögur að [tilhögun skólastarfs](#) á næsta vetri sem unnar voru í samráði við skólasamfélagið. Kennsla í 5. til 7. bekk mun fara fram í Korpuskóla á meðan 1. til 4. bekkur mun stunda nám í Fossvogi.

Rútuferðir verða á milli Fossvogsskóla og Korpuskóla að morgni og við skólalok. Framkvæmdir hafa staðið yfir í Korpuskóla í sumar og hefur verið unnið eftir tilmælum og undir eftirliti verkfræðistofunnar Eflu. Kennsla fyrir yngri bekkina verður í Fossvogi næsta vetur. Tíu eininga byggingar sem er verið að breyta í skólastofur með aðstoð sérfræðingateymis verða settar upp þar sem bílastæði starfsfólks er nú. Grenndarkynning er á lokastigum og önnur skipulagsmál að klárast. Viðræður standa yfir á milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Víkings um að kennsla í 2. til 4. bekk verði þar fyrstu vikurnar. Fyrsti bekkur mun hefja nám í Útlandi, í húsnæði Frístundar. Vonast er til að hægt verði að færa kennslu í einingahúsin um miðjan september. Skólasund verður áfram í Laugardalslaug eins og verið hefur.

Mikið og þétt samráð hefur verið í sumar á milli umhverfis- og skipulagssviðs, skóla- og frístundasviðs og skólastjórnenda Fossvogsskóla um leiðir í skólastarfinu á fyrstu vikum skólaársins. „Það er mikill hugur í okkar frábæra starfsfólki og vilji allra stendur til þess að skólastarfið verði eftir sem áður kröftugt og fjölbreytilegt þar sem þeim hæfniviðmiðum sem aðalnámskrá leggur til grundvallar í námi verður mætt,” segir Ingibjörg Ýr Pálmadóttir skólastjóri Fossvogsskóla.